



Gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg í Flóahreppi

Frá 1. janúar 2025

Vistunargjöld eru eftirfarandi:	
Kjarnatími frá 8:00-14:00	187 kr/pr. klst
Gjald frá 14:00-15:00	375 kr/pr. klst
Gjald frá 15:00-16:00	428 kr/pr. klst
Gjald frá 7:45-8:00	120 kr/pr. korter
Gjald frá 16:00-16:15	120 kr/pr. korter
Gjald fyrir vistun umfram umsaminn vistunartíma	2411 kr fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur

*20% álag er lagt ofaná öll vistunargjöld nemenda þar til 2 ára aldri hefur verið náð.

Fæðisgjald fyrir hvert barn er eftirfarandi:	
Morgunhressing	104 kr/dag
Hádegisverður	326 kr/dag
Nónhressing	104 kr/dag

Heimilt er að fella fæðisgjald niður vegna langvarandi fjarveru nemanda og er þá miðað við 10 virka daga.

Afsláttur vegna forgangshópa er eftirfarandi:	
Forgangshópar	30% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi

Forgangsgjald er greiðsla fyrir öryrkja, börn einstæðra foreldra og börn námsmanna, séu báðir eða annað foreldri í fullu námi. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að fólk framvísi vottorði frá Tryggingastofnun, sýslumanni eða innritunavottorði/námsvottorði frá skóla í upphafi hvernar annar. Hefji einstætt foreldri sambúð, skal það greiða hærra gjald strax og sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð, skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og kemur þá til lækkunar á gjaldi.

Afsláttur vegna systkina eru eftirfarandi:	
Systkinaafsláttur með öðru barni	30% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi
Systkinaafsláttur með þriðja barni	100% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi

Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri gjaldskyldra systkina. Ekki er veittur systkinaafsláttur af fæðisgjaldi.

Ekki er hægt að fá bæði forgangsafslátt og systkinaafslátt. Hærra afsláttur gildir. Afsláttur er ekki veittur afturvirk.

Forráðamenn greiða vistunargjald frá þeim tíma sem nemandi er skráður í leikskólann. Þó nemandi nýti ekki skráðan leikskólatíma vegna orlofs, veikinda eða annarra aðstæðna greiðist fullt vistunargjald samt sem áður. Undanþágu vegna sérstakra aðstæðna má sækja um til leikskólastjóra, sem metur hverja umsókn fyrir sig.

Ef forráðamenn skulda leikskólagjöld fyrir þrjá mánuði eða meira, er heimilt að segja leikskóladvöl nemanda upp og setja skuldina í innheimtu.

Þingborg 03.12.2024

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri